



Reykjavík, 5. nóvember 2020

SFS2020080118

196. fundur

HG/sp/sv

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundaráð

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi skólահald í norðanverðum Grafarvogi og gangbrautarvörslu

Á 188. fundi skóla- og frístundaráðs, 18. ágúst 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um það hvers vegna skólահald í norðanverðum Grafarvogi er að hefjast þrátt fyrir að ekki sé búið að fara í þær nauðsynlegu úrbætur á samgöngum líkt og lofað var að farið væri í áður en skólահald hæfist. Eins vilja fulltrúarnir vita hvort að ekki sé tryggt að gangbrautarverðir séu á öllum þeim hættulegu stöðum þar sem börn þurfa að þvera akveg til þess að komast í skóla.

Svar:

Skólastarf í nýjum skólum í norðanverðum Grafarvogi, Borgaskóla, Engjaskóla og Víkurskóla hófst á réttum tíma samkvæmt skóladagatali haustið 2020. Ekki var talið að nauðsynlegt væri að fresta skólabyrjun vegna tafa á framkvæmdum vegna samgöngubóta í hverfinu.

Unnið hefur verið að samgöngubótum í norðanverðum Grafarvogi frá því í sumar og nú hefur verktaki lokið öllum framkvæmdum sem fyrirhugað var að klára á þessu ári á þann hátt að það eru engar vegatakmörkanir lengur, allir staðir eru opnir fyrir umferð og gangandi vegfarendur. Verið er að vinna í að klára lokafrágang við samgöngubæturnar það er að segja hellulögn, torf, vegmerkingar og málun á kanti og lýkur því verki nú í nóvember.

Gangbrautarvarsla er á einum stað. Hún fer fram á Mosavegi þar sem gönguljós eru að koma. Skólaliðar frá Engjaskóla skiptast á að mæta og eru eina viku í senn. Mæta kl. 8:15 og fara aftur upp í skóla um 8:30 þegar kennsla hefst. Ekki er gangbrautarvarsla á vegum Borgaskóla og Víkurskóla.